

260. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtdaginn 19. mars 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. mars 2015, varðandi boðun á XXIX. landsþing sambandsins.
 Lagt fram til kynningar.
- 2) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 27. febrúar 2015, varðandi fundarboð aðalfundar SSV þann 25. mars n.k.
 Lagt fram til kynningar.
- 3) Umsóknir um hundaleyfi:
 - a. Harpa Heiðrún Hannesdóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Akira
 Kvartanir hafa þegar borist vegna þessa hunds í bæjarfélagit og því sér bæjarráð sér ekki fært að gefa út leyfi vegna hans.
 - b. Erla Lind Þórisdóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Snælilju Frosta
 Hundaleyfið samþykkt samhljóða.
 - c. Tinna Rut Þrástardóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Lottu
 Hundaleyfið samþykkt samhljóða.
- 4) Bréf frá Páli S. Brynjarsyni, dags. 18. febrúar 2015, varðandi samantekt fundar frá sama degi.
 Lagt fram til kynningar.
- 5) Bréf frá skólastjóra, dags. 3. mars 2015, varðandi Skólahreysti.
 Bæjarráð fagnar þáttöku GSNB í Skólahreysti og er afskaplega stolt af frammistöðu nemenda okkar í keppninni. Það er okkur sönn ánægja að greiða rútukostnaðinn vegna þessa, enda kom hvatning um þáttöku frá bæjarstjórninni haustið 2014. Bæjarráð vill jafnframt hvetja til þess að boðið verði upp á valáfanga í Skólahreysti í haust.
- 6) Minnisblað frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, varðandi styrkúthlutanir til Snæfellsbæjar.
 Bæjarráð er afar ánægt með að fá þessa styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, og samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu á fjárhagsáætlun til að fara í þessi verkefni nú á vormánuðum. Jafnframt var samþykkt að lækka liðinn Öfyrirséð um sömu upphæð.
- 7) Bréf frá aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóra á Kríubóli, dags. 11. mars 2015, varðandi ósk um aukastöðugildi. Trúnaðarmál – erindið lagt fram á fundinum.
 Bæjarráð samþykkti að veita aukafjárveitingu í 50% stöðugildi tímabundið til 1. nóvember og meta stöðuna í framhaldi af því. Í september væri æskilegt að leikskólastjórnendur kæmu á fund bæjarráðs til að fara yfir stöðu mála.
- 8) Minnispunktar bæjarstjóra.
 - a) Bæjarstjóri minnti á Árshátíð Snæfellsbæjar sem verður á laugardaginn.
 - b) Næsti fundur bæjarráðs verður 14. apríl kl. 12:00 og bæjarstjórnarfundur verður haldinn sama dag kl. 16:00 eins og áður var samþykkt.
 - c) Bæjarstjóri ræddi uppgjör við KEA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50

Kristjana Hermannsdóttir
Kristjana Hermannsdóttir

Björn Hilmarsen
Björn Hilmarsson

Kristinn Jónasson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fríða Sveinsdóttir
Fríða Sveinsdóttir

Lilja Ólafardóttir
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari